

Mánudaginn 15. marz 1943.

Nr. 115/1942. **Andrés Blomsterberg og Bjarni Blomsterberg** (Theódór B. Lindal)

gegn

Jóni Markússyni og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson).

Skaðabótamál. Um ábyrgð vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. des. 1942. Krefjast þeir aðallega algerrar sýknu, en til vara, að fjárhæð sú, sem þeim er dæmt í héraði að greiða, verði lækkuð eftir mati hæstaréttar. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 10. des. 1942. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum in solidum kr. 21572.85 með 5% ársvöxtum frá 8. apríl 1942 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjendur létu Gunnlaug Ólafsson stunda akstur á bifreið sinni R 1762 frá Bifreiðastöð Íslands. Gunnlaugur þessi lánaði bifreiðina Friðþjófi Björnssyni til aksturs upp að Lækjarbotnum, og varð slysið í þeirri för. Aðaláfrýjendur neita því, að Gunnlaugur hafi haft heimild þeirra til að lána bifreiðina, og hefur Gunnlaugur viðurkennt heimildarskort sinn fyrir dómi. Gegn þessu er heimild Gunnlaugs til að lána bifreiðina ekki sönnuð eða líkleg gerð. Bera aðaláfrýjendur því ekki skaðabótaábyrgð á slysinu, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941, og verður að sýkna þá af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Andrés Blomsterberg og Bjarni Blomsterberg, eiga að vera sýknir af kröfum gagn-áfrýjanda, Jóns Markússonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. sept. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. apríl 1942, af Jóni Markússyni verkamanni, Bergþórugötu 18 hér í bæ, gegn bræðrunum Andrési og Bjarna Blomsterberg, Hringbraut 63 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta út af siðargreindu bifreiðarslysi. Krefst stefnandi þess aðallega, að stefndir verði óskipt dæmdir til greiðslu kr. 21572.85 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi annarrar lægri fjárhæðar eftir mati réttarins.

Stefndir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu sem vátryggjanda neðangreindrar bifreiðar, en engar kröfur eru gerðar á hendur því, né heldur hefur það gert neinar sjálfstæðar kröfur.

Málsatvik eru þau, að kl. 22.30 að kvöldi þess 7. október 1941 kom stefnandi máls þessa ásamt tveim norskum sjómönnum, Johansen og Larsen, í amerískri herbifreið frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit. Fóru þeir úr bifreiðinni, er komið var niður undir Elliðaár, og gengu þaðan í áttina til Reykjavíkur. Voru þeir allir ölváðir, en ekki er ljóst af gögnum málsins, hversu mikil ölvun þeirra var. Munu þeir í fyrstu hafa gengið á vinstri vegbrún, en flutt sig síðan yfir á hægri. Gengu þeir saman stefnandi og Larsen, en Johansen gekk nokkurn spöl á eftir þeim. Bar nú þarna að fólksbifreiðina R 1762, eign stefndra, á leið til Reykjavíkur. Stýrði henni í þetta skipti Friðþjófur Björnsson, Njálsgötu 56, en með honum var 16 ára stúlka, Ingibjörg Marelsdóttir, Klapparstig 42, ein farþega. Vildi nú það slys til, að bifreið þessari var ekið á stefnanda, og slasaðist hann mjög alvarlega.

Réttarpróf virðast engin hafa farið fram út af slysi þessu, nema yfir bifreiðarstjóranum um heimild hans að bifreiðinni, en „lög-gæzlumaður“ nokkur og lögregluþjónn sýnast hafa tekið skýrslu af stefnanda og þeim öðrum, er við slysið voru staddir. Eru þær allar óstaðfestar, en þó þau einu gögn, sem fram eru lögð um slysið.

Er það úr skýrslunum, sem máli skiptir á þessa leið:

Stefnandi: Ég veit ekki með vissu, hve langt ég var frá hægri vegbrún, en veit þó, að ég var nær henni en miðju vegarins. Bifreiðinni var ekið mjög bratt, og ók hún á mig um leið og ég leit við til að líta á hana.

Larsen: Ég held, að ég hafi verið um einn metra frá hægri vegbrún, og var Jón við vinstri hlið mér, þ. e. innar á veginum. Jón ætlaði að stöðva bifreiðina, og ég held, að hann hafi gengið dálítið inn á veginn til þess. Bifreiðinni var ekið hratt, líklega 70—80 km á klst. Jón varð fyrir framenda bifreiðarinnar hægra megin. Hún stöðvaðist 10—15 m frá Jóni liggjandi á veginum.

Johansen: Geri ráð fyrir, að bifreiðinni hafi verið ekið með 70—80 km hraða á klst. fram hjá mér. Sá ekki slysið ske. Bifreiðinni var ekki ekið eftir miðjum veginum, heldur nær hægri vegbrún. Bifreiðin stöðvaðist nokkra metra frá Jóni liggjandi á veginum.

Bifreiðarstjórinn: Ég var á leið til Reykjavíkur. Þegar ég kom yfir brýrnar á Elliðaánunum, sá ég þrjá menn koma á móti bifreiðinni á sinni vinstri vegbrún, þar sem nýi og gamli vegurinn mætast. Hraði bifreiðarinnar var 25—30 km á klst., en ég hægði á henni, þegar ég nágaðist mennina. Gengu nú tveir þeirra þvert yfir veginn, og hægði ég þá enn meira á bifreiðinni. Fóru þeir yfir á sína hægri vegbrún, og ætlaði ég framhjá þeim, en þá fór annar þeirra út á veginn aftur í veg fyrir bifreiðina. Var hún þá á 15—20 km hraða á klst. Hemlaði ég nú og vék til hægri, en gat ekki afstýrt slysi. Rakst vinstra framhorn bifreiðarinnar í manninn, er féll við. Þegar bifreiðin stöðvaðist, var hún utarlega á sinni hægri vegbrún með framhlutann, en stóð dálítið á ská eftir götunni. Maðurinn lá þá fyrir aftan bifreiðina vinstra megin við afturenda hennar, hér um bil á miðri götu.

Ingibjörg Marelsdóttir: Bifreiðinni var ekið hægt. Þrjú menn gengu á vinstri vegbrún á undan bifreiðinni í sömu átt. Þegar bifreiðin átti eftir nokkurn spöl að þeim, gengu tveir þeirra yfir á hægri vegbrún. Þegar bifreiðin var rétt komin að þeim, gekk annar þeirra aftur inn á veginn til vinstri og varð þá fyrir bifreiðinni. Bifreiðarstjórinn hemlaði, og þegar bifreiðin var stöðvuð, lá maðurinn rétt fyrir aftan hana.

Svo sem ljóst er af skýrslum þessum, er ekki fullt samræmi í þeim. En það þykir þó mega ráða af skýrslum allra nema bifreiðarstjórans, og verður því á því byggt, að stefnandi og annar norski pilturinn hafi verið á hægri helmingi vegarins fyrir slysið og, er það varð. Hinn norski pilturinn virðist hafa verið einhvers staðar þar á veginum, að staður hans geti ekki skipt máli um sök bifreiðarstjórans á slysinu. Verður þá að ætla, að bifreiðarstjórinn hafi haft til umráða allan sinn vinstri helming vegarins, lík-

lega a. m. k. 4 metra breiðan. Verður ekki annað séð en að slysi hefði orðið afstýrt, ef bifreiðinni hefði verið ekið eftir vinstri vegarhelmingi, og er ekki næg skýring gefin á því, hvers vegna bifreiðarstjórinn gerði það ekki í stað þess að aka a. m. k. að einhverju leyti úti á hægri vegarhelmingi, eins og hann gerði. Ber því að telja bifreiðarstjórnann eiga meginhluta sakarinnar á slysi þessu. Hins vegar verður og að ætla af skýrslunum, að stefnandi hafi sýnt þá óvarkárni að fara í veg fyrir bifreiðina í því skyni að stöðva hana, enda verður að ætla, að stefnandi hafi farið óvarlegar en ella, þar eð hann var ölvaður. Ber því og að telja hann eiga sjálfan allmikla sök á slysinu. — Virðist sök slyssins, að öllu athuguðu, hæfilega skipt þannig, að tveir þriðju hennar verði lagðir á bifreiðarstjórnann, en einn þriðji á stefnanda sjálfan.

Í vottorði Ólafs Jóhannssonar lækni, dagsettu 14. janúar s. l., er meidslum stefnanda lýst á þessa leið: Í hnakkanum vinstra megin var sár, grunnt en þrútið. Mar á nefi, blæðing úr báðum nösnum. Vinstri framtönn í efra góm brotin upp í kjálka, en sú hægri klofin að endilöngu. Mar á vinstra fótlegg. Vinstra hné bólgið og með vökvaaukningu. Röntgenmynd 9. október 1941 sýndi brot inni í vinstra hnélið. Rúmfastur lá stefnandi til 28. nóvember 1941, en fór þá að staulast eitthvað litillega. Þann 14. janúar 1942 var stefnandi orðinn fær ferða sinna og að mestu óhaltur.

Í febrúar 1942 skoðaði Jóhann Sæmundsson tryggingalæknir stefnanda og mat örorku hans. Segir í vottorði hans, dagsettu 9. marz 1942, að brotnað hafi beinhnjótur á sköflungnum inni í vinstri hnélið. Brotið hafi ekki færzt úr stað, en á röntgenmynd, tekinni 27. janúar 1942, sjáist enn votta fyrir sprungu eða ójöfnu. Ekki séu líkur til, að brotið færist úr skorðum hér eftir, en gera verði ráð fyrir þeim möguleika, að gigt setjist að hnénu síðar. Sú hætta, sem á því sé, verði að metast sem varanleg örorka. Örorkuna metur tryggingalæknirinn þannig:

Fyrstu þrjá mánuðina eftir slysið	100%
næstu þrjá mánuðina	75—
næstu 2—3 mánuðina	40—50—
og síðan varanleg örorka	15—

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Læknishjálp	kr.	272.85
2. Vinnutjón í 9 mánuði kr. 700.00 á mánuði	—	6300.00
3. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og heilsutjón, mið- að við 15% varanlega örorku	—	15000.00

Kr. 21572.85

Um 1. Liður þessi er viðurkenndur.

Um 2. Fjárhæð þessa liðs ber að reikna í réttu hlutfalli við ofangreinda örorku stefnanda fyrstu 8—9 mánuðina eftir slysið og

þykir hæfilegt að miða við 700.00 króna mánaðartekjur, eins og stefnandi gerir. Verður tjón stefnanda undir þessum lið i samræmi við þetta því talið kr. 4500.00.

Um 3. Þegar athugað eru meiðsli stefnanda, varanleiki þeirra, 8—9 mánuðir, aldur stefnanda, en hann er fæddur 4. marz 1917, og loks það, sem tryggingalæknirinn segir um varanlega örorku hans, þá þykja bætturnar undir þessum lið hæfilega metnar kr. 6000.00.

Samtals telst því tjón stefnanda af umræddu slysi kr. 272.85 + kr. 4500.00 + kr. 6000.00, eða kr. 10772.85. Af þeirri fjárhæð ber samkvæmt framansögðu að dæma stefndu óskipt til að greiða tvo þriðju, eða kr. 7181.90, enda hefur sú varnarástæða þeirra, að Friðþjófur hafi i umrætt skipti notað bifreiðina i heimildarleysi, ekki við rök að styðjast, þar eð sannað er, að hann hafði hana að láni frá bifreiðarstjóra þeim, er ók henni að jafnaði fyrir stefndu. Vexti verða stefndir dæmdir til að greiða eftir kröfu stefnanda svo og málskostnað, en fjárhæð hans þykir hæfilega ákveðin kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Andrés og Bjarni Blomsterberg, greiði óskipt stefnandanum, Jóni Markússyni, kr. 7181.90 með 5% ársvöxtum frá 8. apríl 1942 til greiðsludags og kr. 800.00 i málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. marz 1943.

Nr. 92/1941. **Jóhannes J. Reykdal** (Theódór B. Lindal)
gegn

Mjólkurbúi Hafnarfjarðar og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Ómerking og vísun máls heim i hérað.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest 5. marz 1940. Komu þá ekki fram neinar greinargerðir af hálfu aðilja, sbr. 105. gr. og 106. gr. laga nr. 85/1936. Dómari kvað ekki á um, hvort málið skyldi munnlega eða skriflega flutt á því stigi málsins, sem boðið er i 109. gr. sömu laga, né veitti þá aðiljum sam-eiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þessa fá